

Bæjarráð Garðabæjar
Bæjarskrifstofa
210 Garðabær

Garðabær, 1. febrúar 2022

Meðfylgjandi erindi er unnið með tilvísan í fundargerð frá fundi þann 5. janúar 2022 þar sem fulltrúar bæjarfélagsins og Skátafélagsins Svana hittust. Niðurstaða þess fundar var að félagið sendir inn formlegt erindi og gerir grein fyrir sýn sinni, tækifærum og þörfum sem tengjast varanlegri aðstöðu fyrir starfsemi félagsins í bæjarfélaginu og þá kostnað við fyrstu skrefin.

Óskað var liðsinnis Jónatans Smára Svavarssonar verkfræðings sem hefur aðstoðað við undirbúning þessa erindis og lagt línur fyrir framhaldið.

Skátastarf hefur verið áberandi á Álftanesi og í Garðabæ í áratugi og hafa félögin sett svip sinn á bæjarlífið, tekið þátt í þjónustu við íbúa og skapað farveg fyrir ungt fólk til að þroskast og fóta sig í lífinu í fjölbreyttu félagsstarfi og útivist.

Margir einstaklingar hafa notið þess að fara í gegnum það starf sem skátarnir hafa haft upp á að bjóða og það hefur gert þeim kleift að vera leiðtogar í sínu lífi, blómstra og koma góðu til leiðar, þrátt fyrir greiningar um annað.

Það er okkar sýn að í gegnum þennan félagsskap sé hægt að hafa mjög jákvæð áhrif á einstaklinga í óvægnum heimi og hjálpa þeim að þroskast með því að fá ábyrgð og fá að takast á við ögrandi verkefni í góðum hóp. Breytt þjóðfélag kallar líka á breyttar áherslur í skátastarfi og samstarfi við aðra hópa óháð aldri. Bygging Mannlífsmiðstöðvar Skáta á Álftanesi getur opnað á tækifæri sem við þekkjum ekki í dag sem getur stuðlað að verðmætum verkefnum fyrir ungt fólk sem snýr að yngri börnum í samstarfi við eldra fólk.

Mörg gæfuspor hafa verið tekin í sveitarfélaginu þar sem sameining Álftanes og Garðabæjar er eitt þeirra. Samkvæmt spám um íbúafjölda sem bæjarfélagið hefur látið gera má vænta mikillar aukningar íbúa á Álftanesi á komandi árum og þá sérstaklega ungu fólki og börnum. Þar er gert ráð fyrir að fjölgun barna á skólaaldri verði áberandi, sem er sá hópur sem Skátafélagið getur þjónað. Spár benda til að þessi aukning fari hratt af stað strax á þessu ári og næstu 3-4 árum. Aldurssamsetning, áberandi hár aldur á ákveðnum svæðum og þá fyrirséð kynslóðaskipti munu sennilega spila hraðar inn í en byggingaverkefni sem eru í d-gangi. Aðstæður á húsnæðismarkaði og sérstaða bæjarfélagsins og Álftaness benda svo til að þróunin hér verði enn hraðari en ella.

Til að mæta fyrirséðum vexti er mikilvægt að byggja upp innviði í tíma til að hægt verði að sinna uppbyggilegu æskulýðsstarfi, hvort sem það tengist hreyfingu, samveru eða annarri þroskandi iðju ungmenna sem getur eftir félagslega færni, samskiptaþroska og félagsauð í bæjarfélaginu.

Hugmyndir um uppbyggingu varanlegrar aðstöðu við Breiðumýri til að hýsa starfsemi Skátafélagsins Svana og hugsanlega tengda starfsemi falla vel að þeirri framtíðarsýn sem hefur verið dregin upp af myndarlegri uppbyggingu og fyrirséðum kynslóðaskiptum.

Það er því mikilvægt að fara af stað með verkefnið til að það geti nýst til að styðja við og taka vel á móti nýjum íbúum með áherslu á börn á skólaaldri. Hluti af undirbúnings vinnunni snýr að því að kanna grundvöll fyrir Mannlífsmiðstöð Skáta og þá hvernig starfsemi slíkrar miðstöðvar getur leitt af sér verðmæta umgjörð og þjónustu í góðu bæjarfélagi. Endanleg stærð hússins mun ráðast af þessari vinnu.

Við höfum leitað til Sigurðar Hallgrímssonar arkitekts hjá Nordic hönnunarfyrirtækinu en skátar hafa átt mjög gott samstarf við Sigurð og starfsfólk Nordic í nýlegum verkefnum innan sveitarfélagsins. Skilningur á áherslum viðskiptavina, virðing fyrir kostnaðar römmum og lausnamiðuð nálgun hefur skilað okkur góðum árangri við erfiðar kringumstæður.

Við höfum skilgreint nokkur undirbúnings verkefni sem lúta að því að skapa ákvarðana grunn fyrir fyrirhugaða:

- þarfagreiningu,
- aðlögun í nærumhverfi og líkleg þörf á skipulagsbreytingu,
- samtal við hagaðila,
- jarðvegs kannanir,
- arkitektateikningar, verkfræðiteikningar ásamt verkefnastjórn í undirbúningsverkefni

Ofangreint gerir okkur kleift að fá yfirsýn yfir stærðargráður og finna hæfa verktaka þegar stjórnvöld í Garðabæ ákveða að ýta verkefninu úr vör. Gert er ráð fyrir 3-500 fm húsi en þarfagreining og forhönnun mun leiða í ljós endanlega stærð.


Áætlaður kostnaður við þessi verkefni er áætlaður 35-45 milljónir króna auk VSK.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að ljúka þessum verkefnum á 4-6 mánuðum frá því að fjárveiting fæst og hægt verður að hefjast handa.

Það er því ósk okkar til Bæjarráðs Garðabæjar að þið fjallið um málið og gerið okkur kleift fara af stað með ofangreinda undirbúningsvinnu með því að tryggja fjármagn í umrædd verkefni.

Verði Bæjarráð Garðabæjar við þessari óskað þá getum við kynnt þá sýn sem unnið er eftir, nálgun okkar við verkefnið og hvernig efling skáta starfsins á Álfanesinu getur stutt við fyrirséða uppbyggingu og vöxt á farsælan hátt.

Virðingarfyllst fyrir hönd undirbúningshóps.



Halldór Valberg Skúlason,
félagsforingi Skátafélagsins Svana



Hermann Sigurðsson
Formaður húnsæðisnefndar
Skátafélagsins Svana